Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 03.10. 2014. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson, Hilmar A Sigurðsson , Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Alexander og Kiddi.

Dagskrá

1. **Framkvæmdir á skólalóð – færanlegar kennslutofur**.
Erlendur Árni Hjálmarsson, umsjóna- og eftirlitsmaður verkkaupa (Hafnarfjarðarbæjar), kom á fundinn og upplýsti um stöðu framkvæmda. Ljóst er að tafir eru á verkinu og hefur verktaki óskað eftir lengri tíma til að ljúka framkvæmdum en verktaki á að skila húsunum tilbúnum í október/nóvember samkvæmt útboðslýsingu. Allt stefnir því í að kennsla geti ekki farið fram í húsunum fyrr en í janúar 2015. Er það mjög bagalegt þar sem lagt var upp með að húsin væru klár til notkunar í skólabyrjun 2014 en seinkunn á afhendingu húsanna hefur ekki aðeins áhrif á skólastarf í Hraunvallaskóla heldur líka starfsemi Hraunsels.
Erlendur fór yfir ástæður seinkunnar framkvæmda sem í meginatriðum eru þær að ákvarðanir voru teknar seint og fjármögnun framkvæmda var ekki tryggð með skýrum hættti. Einnig er beðið eftir skriflegri greinargerð um ástæðu seinkunnar frá verktaka. Þá er ljóst að ekki var haft samráð við skólastjórnendur um hönnun húsanna en skólaráð hafði áður komið eftirfarandi ályktun til fræðsluyfirvalda (sjá fundargerð skólaráðs frá 5. febrúar 2015 og send var með tölvupósti 6. febrúar til fræðslustjóra):

„Skólaráð Hraunvallaskóla tekur jákvætt í þær hugmyndir að byggðar verði 3 nýjar kennslustofur á lóð skólans við Fléttuvelli. Skólaráð leggur mikla áherslu á að umræddrar byggingar verði tilbúnar um miðjan júlí 2014 og að samráð verði haft við stjórnendur skólans um hönnun og frágang byggingar og skólalóðar.“

Erlendur lofaði að boða skólastjóra á næsta verkfund til að bæta úr upplýsingaskorti og auka samráð um verkið. Hægt sé að koma ábendingum á framfæri um það sem betur megi fara á þeim fundum en ekki er sjálfgefið að hægt sé að bregðast við öllum ábendingum úr því sem komið er, t.d. hvað varðar betri vinnuaðstöðu fyrir kennara. Að loknum umræðum var farið í skoðunarferð um húsin þrjú. Skólaráð þakkar Erlendi fyrir greinagóðar upplýsingar og skoðunarferð um húsin.

Í framhaldi var rætt um stöðu mála hvað varðar húsnæðismál Hraunvallskóla til skemmri framtíðar. Skólaráð Hraunvallaskóla vill sammælast um eftirfarandi ályktun um málið sem skólastjóri kemur til fræðsluráðs:

Skólaráð Hraunvallaskóla harmar tafir á byggingu þriggja lausra kennslustofa á skólalóð Hraunvallaskóla og að ekki hafi verið haft samráð við stjórnendur skólans um hönnun og frágang þeirra frá byrjun framkvæmda. Nú stefnir í að kennsla geti ekki farið fram í húsunum fyrr en í janúar 2015 og er það mjög bagalegt þar sem lagt var upp með að húsin væru klár til notkunar í skólabyrjun 2014. Hér ber að hafa í huga að seinkun á afhendingu húsanna hefur ekki aðeins áhrif á skólastarf í Hraunvallaskóla heldur líka starfssemi frístundaheimilisins Hraunsels og félagsstarf í Mosanum.

Þá kallar skólaráð eftir því að nú þegar verði hafist handa við vinnu að framtíðarlausnum hvað varðar húsnæðismál skólans því að ljóst er að Hraunvallskóli getur ekki að óbreyttu mætt fyrirhugaðri fjölgun nemenda á næsta skólaári (2015-2016). Skólaráð leggur áherslu á að ljóst verði fyrir árslok 2014 til hvaða lausna verði gripið til að sú staða sem nú er uppi endurtaki sig ekki og að haft verði samráð við skólastjórnendur, skólaráð og foreldra um útfærslu þeirra.
Skólaráð vekur athygli á að haustið 2015 fagnar Hraunvallaskóli 10 ára afmæli sínu og að þá sem endranær sé mikilvægt að hægt sé að taka á móti öllum nemendum í viðunandi kennsluhúsnæði frá fyrsta kennsludegi.

2. **Skólareglur**
   Skólastjóri kynnti endurskoðaðar skólareglur en endurskoðunin hófst sl. vor og hafa starfsmenn, nemendur og skólaráð fengið tækifæri til að koma með ábendingar um það sem betur megi fara.

3. **Skólanámskrá – Almennur hluti**
   Skólaráð stöðfesti að fjallað hefði verið um Skólanámskrá Hraunvallaskóla og starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-15.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland